



HRUNAMANNAHREPPUR

47. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

11. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 6. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemendum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 20. maí 2024.**
Lögð fram fundargerð 14. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Varðandi tillögu sem lögð er fram um breytingu á reglugerð um kjör íþróttamanns ársins í Hrunamannahreppi þá samþykkir sveitarstjórn tillöguna og felur sveitarstjóra að breyta reglugerðinni til samræmis þessu. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- Ungmennaráð: Fundargerð 4. fundar frá 10. maí 2024.**
Lögð fram fundargerð 4. fundar Ungmennaráðs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 6. fundar frá 27. maí 2024.**
Lögð fram fundargerð 6. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Varðandi lið 5, Röðulstangi, samþykkir sveitarstjórn samhljóða tillögu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að láta vinna breytingar á gildandi deiliskipulagi og frumhönnun gatnagerðar götunnar.

Varðandi lið 6, Hrunalaug, samþykkir sveitarstjórn samhljóða að taka þátt í kostnaði við lagningu bundins slitlags á veginn inn fyrir Hrunalaug, enda er staðurinn fjölsóttur ferðamannastaður, að því tilskyldu að Vegagerðin og landeigendur greiði sinn hluta eins og hér er lagt til.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- Fundargerð 281. fundar skipulagsnefndar frá 29. maí 2024 og afreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 281. fundar skipulagsnefndar frá 29. maí 2024 og afreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. maí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 29. Grafarbakki II spilda 1: Landbúnaðarland í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um skipulagsbreytingu er varðar breytt landnotkun. Í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er landnotkun nyrðri hluta lóðarinnar skilgreind sem landbúnaðarsvæði, akuryrkjuland, flokkur I og II.

DAS
JBB
ART
BV
HHA

Óskað er eftir því að með skipulagsbreytingu verði landnotkun spildunnar skilgreind sem fristundabyggð (F).

Skipulagsnefnd telur að umrætt svæði teljist alfarið til landbúnaðarlands í flokki 1 samkvæmt flokkun landbúnaðarlands innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Um landbúnaðarland í flokki 1 og 2 segir m.a. í greinargerð aðalskipulags: „Á landbúnaðarlandi í flokki I og II er að jafnaði ekki heimiluð landnýting sem takmarkar ræktunarmöguleika til akuryrkju s.s. samfelld skógræktarsvæði, byggð, umfangsmikil iðnaðarsvæði eða stórar námur.“ Enn fremur segir „Nýjar byggingar verða að jafnaði ekki reistar á verndarsvæðum eða landbúnaðarlandi í flokki I og II nema í nágrenni núverandi bygginga eða veitukerfa.“ Að mati skipulagsnefndar eru því ekki forsendur fyrir skerðingu á úrvals landbúnaðarlandi án frekari rökstuðnings fyrir breyttri landnotkun landsins. Fyrir eru skipulagðar 25 fristundabyggðir innan sveitarfélagsins samkvæmt greinargerð aðalskipulags. Af þeim eru tiltekin 8 svæði sem eru óbyggð auk nokkurra sem eru lítið byggð. Það er því vandséð að mati nefndarinnar að aðkallandi þörf sé eftir skipulagningu fristundalóða innan sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd vísar beiðninni til umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið nefndarinnar og frestar afgreiðslu erindisins. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra ásamt skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda í samræmi við umræður á fundinum.

Mál nr. 30. Svanabyggð 23: Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar Svanabyggðar 23 L166893 eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu málsins og er þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU tekur undir framlagðar athugasemdir og áhyggjur nágranna er varðar drenskurð sem mun við framlagða breytingu verða innan lóðar Svanabyggðar 23. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda og nágranna varðandi lausn á málínu. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 31. Sunnuhlíðartangi: Loðmundartangi 14 og 19; Breyting lóða og göngustígur; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting sem tekur til íbúðarsvæðis Sunnuhlíðar. Í breytingunni felst breytt lega raðhúsalóða með það að markmiði að veita heimild fyrir minni íbúðum innan lóðanna. Samhliða eru skilgreindar tvær nýjar lóðir fyrir einbýlishús.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 32. Birkihlíð 17-21: Lóð fyrir hreinsistöð breytt í raðhús; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Birkihlíðar 17 innan deiliskipulags Grafar og Laxárhlíðar, reitur M2. Breyting þessi sem nú er lögð til varðar hreinsistöð og nýja íbúðarlóð við Birkihlíð 17-21. Tildrog breytingarinnar eru þau að ákveðið hefur verið að flytja hreinsistöðina út fyrir deiliskipulagsreitinn og við það verður til svæði sem hentar vel fyrir íbúðarlóð, með það fyrir augum að nýta byggingarland sveitarfélagsins sem best. Aðkoma að lóð nr. 17-21 verður frá Birkihlíð og er lagt til að nýtt endahús verði raðhús á einni hæð með sambærilegum skilmálum og gildir fyrir önnur hús í hverfinu, en án bílskúra.

APG

DGS

JSB

BV

HTA

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 40. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. maí sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. maí sl.

5. Öldungaráð Uppsveita og Flóa: Fundargerð 1. fundar frá 15. maí sl.

Lögð fram fundargerð 1. fundar Öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Sveitarstjórn fagnar því að Öldungaráð Uppsveita og Flóa skuli nú hafa fundað. Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi góðs aðgengis að stofnunum sveitarfélagsins og mun taka ábendingu ráðsins til greina. Varðandi dagvistun vill sveitarstjórn koma á framfæri að sveitarstjórar á svæðinu hafa hist vegna þessa máls eins og þeim var falið að gera og mun greinargerð vegna þessa væntanlega liggja fyrir fljótlega. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. SASS: Fundargerð 607. fundar stjórnar frá 5. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 607. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. SASS: Fundargerð 608. fundar stjórnar frá 15. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 608. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. SASS: Fundargerð 609. fundar stjórnar frá 10. maí sl.

Lögð fram fundargerð 609. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 326. fundar stjórnar frá 14. maí sl.

Lögð fram fundargerð 326. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Arnardrangur hses.: Fundargerðir 7. -13. stjórnarfunda.

Lagðar fram fundargerðir 7. – 13. stjórnarfunda Arnardrangs hses.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

11. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 17. maí 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir), 1114. mál.

Lagt fram til kynningar.

DGS
RGS
BS
BV
HA

12. Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 22. maí 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál.

Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá SASS frá 16. maí 2024.

Lagt fram bréf frá SASS um samstarf sveitarfélaga að farsæld barna.

Sveitarstjórn er sammála því að gott geti verið að samhæfing með farsæld barna að leiðarljósi eigi sér stað þvert á landshlutann en telur þó rétt að stjórn Skóla- og velferðarbjónustu Árnesþings fjalli um málid enda hefur mikil vinna hvað varðar samhæfingu farsældar átt sér stað á þeim vettvangi.

14. Bréf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu frá 27. maí 2024.

Lagt fram bréf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu þar sem sveitarféluginu er boðin þátttaka í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi“

Sveitarstjórn pakkar gott boð og samþykkir samhljóða þátttöku Leikskólans Undralands í verkefninu og mun sveitarfélagið styðja við verkefnið með þeim hætti sem nauðsynlegt er.

Erindið er jafnframt sent til kynningar í Skólanefnd.

15. Bréf frá SAMAN hópnum.

Lagt fram bréf frá SAMAN hópnum þar sem hvatt er til samveru fjölskyldunnar. Rannsóknir hafa sýnt að samvera fjölskyldunnar er einn helsti skýringarþáttur fyrir góðu gengi í forvörnum á undanförnum árum.

Lagt fram til kynningar um leið og erindið er sent til kynningar í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og til umsjónarmanns hátíðarinnar Flúða um Versló.

16. Samningur um nýtingu beitarhólfs Högnastaðarmýri 2.

Lagður fram samningur um nýtingu beitarhólfs að Högnastaðarmýri 2.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

17. Minnisblað frá 4. júní 2024 varðandi ósk frá íbúum í Birkibyggð

Lagt fram minnisblað varðandi ósk frá íbúum í Birkibyggð.

Sveitarstjórn samþykkir að heimila breytingu á aðal- og deiliskipulagi Birkibyggðar með það að markmiði að heilsársbúseta verði heimilið á svæðinu enda hafa allir lóðarhafar óskað eftir þeirri breytingu og öll hús uppfylla skilyrði byggingareglugerðar um íbúðarhús. Breytingin verði kostuð af lóðarhöfum en unnin í nánu samráði við sveitarfélagið varðandi skilmála um réttindi og skyldur lóðarhafa sem og sveitarfélagsins til framtíðar litið. Verða ákvæði um slíkt færð inn í greinargerðir og uppdrætti skipulagstillagnanna. Skipulagsfulltrúa fallið að fylgja málínu eftir.

18. Minnisblað frá 31. maí 2024 varðandi 930 ára afmæli Hrunamannahrepps.

Lagt fram minnisblað varðandi 930 ára afmæli Hrunamannahrepps. Þar kemur m.a. fram að Hrunamannahrepps hefur líklega fyrst verið getið á tímabilinu 860-900 en Hrunamannahreppur í þeirri mynd sem við þekkjum hann í dag hefur líklega verið til frá upphafi landnáms. Hreppar voru stofnaðir hér á landi á þjóðveldisöld og voru hvort tveggja í senn, framfærslu- og stjórnunareiningar. Ekki er fullljóst hvenær landinu var skipt í hreppa né hvaða reglum var fylgt við skipunina. Heimildir um hreppa má finna í lögum Grágásar (930-1271) en ljóst má þykja að formlega hafi verið búið að stofna hreppi áður en lög um tíund tóku gildi 1096-1097 en með þeim urðu skyldur hreppanna formlega til. Sé miðað við tíundarlögini þá mun Hrunamannahreppur fagna 930 ára afmæli árið 2026.

DGS
RJH
SS
BVK
WTA

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að haldið verði uppá stórafmæli Hrunamannahrepps árið 2026 og að undirbúningur hefjist nú þegar. Sveitarstjórn telur löngu tímabært að halda uppá afmæli en það yrði þá í fyrsta sinn sem íbúar Hrunamannahrepps fagna afmæli hreppsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipaður verði undirbúningshópur og skipar sveitarstjórn þrjá aðila í hópinn, þau Daða Geir Samúelsson, Aldísi Hafsteinsdóttur og Esther Guðjónsdóttur sem jafnframt verði formaður hópsins. Hópurinn vinni náið með Atvinnu- ferða- og menningarnefnd að undirbúningi hátíðahaldanna sem jafnframt skipi two fulltrúa í undirbúningshópinn. Hópurinn leiti einnig til þeirra fjölmörgu í hreppnum sem áhuga hafa á afmælishaldinu varðandi aðstoð og þáttöku.

Fjárhagsleg málefni:

19. Ábyrgð Hrunamannahrepps vegna fjárfestinga Brunavarna Ánessýslu 2024.

Lagt fram erindi er varðar ábyrgð Hrunamannahrepps vegna fjárfestinga Brunavarna Ánessýslu á árinu 2024 og vegna lántöku Brunavarna Ánessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 190.000.000.-. Lánið er tilkomið vegna kaupa á dælubíl, vegna byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og vegna fyrsta áfanga byggingar á Flúðum.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Ánessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 190.000.000.-, í samræmi við skilmála láns til ársins 2039 eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarliga nr. 138/2011, og er hún óskipt (*in solidum*) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Ánessýslu. Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýjum dælubíl, vegna byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og vegna fyrsta áfanga byggingar á Flúðum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Hrunamannahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Ánessýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktta félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að féluginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Ánessýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, kt 211264-5009, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofnangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

Mál til kynningar:

20. Bréf frá Hreinsitækni ehf er varðar rotþróarhreinsanir í uppsveitum Ánessýslu 2024.

Lagt fram til kynningar.

DJS

21. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 72. fundar stjórnar frá 2. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

ARJ

22. Kynning á innleiðingu svæðisbundinna farsældarráða.

Lagt fram til kynningar.

GTJ

BV

23. Flúðaorka ehf.: Financial Statements 2023.

Lagt fram til kynningar.

24. Hitaveita Grafarhverfis ehf.: Fundargerð aðalfundar ásamt ársreikningi 2023.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:26

Alexandra Þ. Jóhannesdóttir

Bjarney Ógnisdóttir
Dadí Geir Samuelsson

Hóla Æ. Þaelan

Melit Hafliðardóttir